

Tillaga til ályktunar

– Dómaramál–

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

19.gr.

Dómaramál

19.2 KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- A og B deild 2. flokks karla og kvenna
- bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokka.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni Utandeildar karla og ~~2. flokks karla og kvenna~~ **5.deild karla**.

19.3 Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- ~~Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks~~, **5.deild karla**
- keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

Greinargerð

Í núgildandi reglugerð er gert ráð fyrir að félögin sjái sjálf um að manna aðstoðardómara í 2.aldursflokki en í þeim aldursflokki eru leikmenn endanlega að mótast áður en þátttaka í meistaraflokki tekur við. Í þessum aldursflokki felast mikil verðmæti fyrir framtíðina hverju sinni í íslenskri knattspyrnu, þarna eigast við framtíðarleikmenn í meistaraflokkum og landsliðum Íslands og verulega hefur vantað á umgjörð leikja hjá þessum liðum og hluti af því er að allur gangur hefur verið á því hvaða aðilar sjá um aðstoðardómgæslunni á stundum. Með þessum hætti er verið að færa aðstoðardómara á vegum KSÍ af leikjum í 5.deild karla yfir á leiki í 2.aldursflokki og í ljósi þess að í 2.aldursflokki eru krefjandi leikir oft og tíðum og þar eru framtíðarleikmenn í íslenskri knattspyrnu er eðlilegt við núverandi ástand að þar skipi KSÍ alla dómara en félög í 5.deild sjái um að manna aðstoðardómara á leikina hjá sér enda allnokkur félög þar sem lítið sem ekkert leggja til við dómgæslu á Íslandsmóti að öðru leyti.

Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF